GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Garðabæ, 3. október 2025
Mál nr. 2507143

Efni: Kópavogsbær - ask.br. og dsk.br Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir - Umsögn

Á fundi skipulagsnefndar þann 18. september sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

„Lagðar fram tillögur Kópavogsbæjar að samráðsáætlun og skipulagslýsingu vegna skipulagsbreytinga og nýrra áætlana í Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavöllum.

Formaður skipulagsnefndar og skipulagsstjóri gerðu grein fyrir fundi með bæjarskipulagi Kópavogs þar sem fyrirhuguð vinna við skipulagsbreytingarnar voru til umræðu.

Í verkefnislýsingu kemur fram að skoða eigi möguleika á því að staðsetja þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar innan deiliskipulagssvæðis hesthúsabyggðar á Kjóavöllum en svæðið er auk þess skilgreint sem íþróttasvæði (Íþ 7) í Aðalskipulagi Kópavogs. Einnig kemur þar fram að fram skuli fara þarfagreining varðandi þær forsendur sem þurfa að vera til staðar fyrir nýja þjónustumiðstöð og lagt verður mat á hvort að Kjóavellir séu ákjósanleg staðsetning fyrir þjónustumiðstöð.

Skipulagsnefnd Garðabæjar minnir á bókun nefndarinnar frá 19. mars árið 2015 er varðar hugmyndir um staðsetningu áhaldahúss (þjónustumiðstöðvar) innan deiliskipulagssvæðis hesthúsabyggðar á Kjóavöllum þar sem hugmyndinni var hafnað. Sú bókun var staðfest í bæjarstjórn þann 16.apríl 2015. Til grundvallar þeirri bókun var lagt fram minnisblað deiliskipulagshöfundar.

Skipulagsnefnd telur nauðsynlegt á þessu stigi að skoða gaumgæfilega þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar þegar metnaðarfullt deiliskipulag hesthúsa og keppnisleikvangs á Kjóavöllum var í mótun. Hverfi hesthúsalóða innan Garðabæjar er enn í uppbyggingu og meta þarf áhrif breytingatillagnanna á það sem og á miðsvæði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

sameiginlegs hesthúsasvæðis t.d. hvað varðar framtíðarmöguleika uppbyggingu byggðarinnar sem og aðkomu svæðisins.

Nefndin leggur áherslu á að gott samráð sé haft við Hestamannafélagið Sprett og eigendur hesthúsa á svæðinu.

Skipulagsnefnd minnir á að í skipulagslýsingu og samráðsáætlun skal gera ráð fyrir Garðabæ sem samráðsaðila en ekki eingöngu umsagnaraðila enda um sameiginlegt deiliskipulag að ræða.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir á þessu stigi ekki frekari athugasemdir við framlagða verkefnislýsingu og samráðsáætlun en áskilur sér allan rétt til þess að gera athugasemdir á síðari stigum ferlisins.“

Afgreiðslu málsins er vísað til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Viljhjálmsson
Skipulagsstjóri Garðabæjar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Vakin er athygli á því að erindi þetta verður ekki sent með bréfpósti nema óskað sé eftir því sérstaklega.